

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Suzukitónlistarskólann í Reykjavík sem staðfest var 19. maí 2000, nr. 389.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

7. gr. orðist svo:

Skólanefnd er skipuð þremur mönnum til 1 árs í senn. Einn er tilnefndur af Reykjavíkurborg einn af kennurum skv. tilnefningu kennarafundar og einn af foreldraráði skólans. Sá kennari sem tekur sæti í skólanefnd skal hafa minnst 3ja ára starfsreynslu sem Suzuki kennari og próf í a.m.k. 2 Suzuki réttindastigum. Það foreldri sem tekur sæti í skólanefnd skal ef þess er nokkur kostur hafa faglega þekkingu af rekstri stofnana eða fyrirtækja.

Skólastjóri skal sjá til þess að nefndin sé fullskipuð og starfhæf í síðasta lagi 1. október ár hvert.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Suzukitónlistarskólann í Reykjavík staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 23. nóvember 2010.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.